

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 9. júlí 1997

um sameiginlega tækniforskrift vegna endabúnaðar sem tengja á almennum línuskriptum gagnanetum og ONP-leigurásam með X.21-skilflötum samkvæmt CCITT-tilmælum(*)

(Texti sem varðar EES)

(97/544/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/263/EBE frá 29. apríl 1991 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE ⁽²⁾, einkum öðrum lið 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvæði um gerðir endabúnaðar sem sameiginlega tækniforskrift þarf fyrir, svo og tilheyrandi yfirlýsingu um gildissvið.

Samþykkja ber samsvarandi samhæfða staðla eða þá hluta þeirra sem eru til framkvæmdar grunnkröfunum sem breyta á í sameiginlegar tækniforskriftir.

Sameiginlega tækniforskriftin, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, er í samræmi við álit samþykkisnefndar endabúnaðar (ACTE).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi ákvörðun gildir um endabúnað sem tengja á almennum línuskriptum gagnanetum og ONP-leigulínum með X.21-skilflötum samkvæmt CCITT-tilmælum og fellur undir samhæfða staðalinn sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr. þessarar ákvörðunar.

2. Í þessari ákvörðun er kveðið á um sameiginlega tækniforskrift sem gildir um tæknilega eiginleika (kröfur til rafrænna og vélrænna skila og aðferðarlýsingar vegna aðgangsstjórnunar) sem endabúnaður með X.21-skilflieti samkvæmt CCITT-tilmælum þarf að hafa, svo og skilfletir sem samrýmast CCITT-tilmælum X.21 að því er varðar lögum, virkni og rafmagn, en starfa með gagnaflutningshraða allt að 1 984 kílóbitum/s.

2. gr.

1. Sameiginlega tækniforskriftin skal fjalla um samhæfða staðalinn sem hlutaðeigandi staðlastofnun hefur samið til framkvæmdar grunnkröfunum sem um getur í d-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE. Tilvísun í staðalinn er að finna í viðaukanum.

2. Endabúnaður innan gildissviðs þessarar ákvörðunar skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr., uppfylla grunnkröfunar sem um getur í a- og b-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE og uppfylla kröfur allra annarra gildandi tilskipana, einkum tilskipana ráðsins 73/23/EBE ⁽³⁾ og 89/336/EBE ⁽⁴⁾.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 223, 13.8.1997, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/98 frá 4. júlí 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 128, 23. 5. 1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 220, 31. 8. 1993, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

3. gr.

Tilkynntir aðilar, sem tilnefndir eru til að koma í framkvæmd málsmeðferðunum sem um getur í 9. gr. tilskipunar 91/263/EBE, skulu, að því er varðar endabúnað, sem 1. mgr 1. gr. þessarar tilskipunar gildir um, beita samhæfða staðlinum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. innan árs frá því að þessi ákvörðun er samþykkt.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. júlí 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI**Tilvísun í gildandi samhæfðan staðal**

Samhæfði staðallinn sem vísað er til í 2. gr. ákvörðunarinnar er:

Tengikröfur vegna endabúnaðar sem tengja á línuskiptum gagnanetum og leigulínum með X.21 skilfleti samkvæmt CCITT-tilmælum eða með skilfleti sem samrýmist CCITT-tilmælum X.21 að því er varðar lögum, virkni og rafmagn, en starfar með gagnaflutningshraða allt að 1 984 kílóbitum/s.

ETSI

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu

Aðalskrifstofa

TBR 1 - Október 1995

(að undanskildum formála)

Viðbótarupplýsingar

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu er viðurkennd samkvæmt tilskipun ráðsins 83/189/EBE (1).

Samhæfði staðallinn sem vísað er til hér að framan er saminn samkvæmt umboði sem gefið er út í samræmi við viðeigandi málsmeðferðarreglur tilskipunar 83/189/EBE.

Unnt er að fá orðréttan texta framangreinds samhæfðs staðals með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnunar
650, route des Lucioles
F-06921 Sophia Antipolis Cedex

Evrópu Framkvæmdastjórnar
Evrópubandalaganna
DG XIII/A/2 — (BU 31 1/7)
Rue de la Loi 200/Wetstraat 200
B-1049 Bruxelles/Brussel

(1) Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8.